

Gólfteppi og Gólfmottur

úr strái og plussi

fást hjá

Páli S. Dalmar.

Fram

Sultutau

fæst í

versl. „Fjallkonan.“

III. ár.

Siglufirði 14. nóv. 1919.

47. blað.

Bréf úr Inn-Eyjafirði.

Tíðarfar. Þingmálafundur.

—oo—

Þegar byrjað er á fréttabréfum þá er vanalega tíðarfarir sem er efst á baugi. Hér í firðinum hefur sumaríð verið gott. Heyskapur í meðallagi, nýting góð og haustveðuráttan í betra lagi, nú um tíma einlægur stillur, og loftvogin spár góðu á degi hverjum. —

Fyrverandi þingmenn sýslunnar hafa að undaniörnu verið að halda »leiðarþing«, skýra háttvirtum kjósendum frá gerðum síðasta þings, og þá ekki dregið dul á afreksverk sín í þarfir landsins og kjördæmisins. Fjárhagsástandinu hafa þeir verið að lýsa og hefur annar fyrverþingmaður tekið það að mestu að sér. Og hefur endirinn orðið hjá honum sá, að þá er hann hefur verið búinn að þylja upp »Páfagauksræðu« eftir fjármálaráðherra, að fjárhagurinn er orðinn góður, þá búið er að telja upp allt mögulegt sem hægt er að telja upp í skuldarnar, byggingar, vita, skip, vegi og brýr. Þetta hefur létt fyrir brjósti á mörgum sem áður voru kvíðandi hvernig ætti að borga milljónalánin, en þó hefur aftur vakið athygli manna, að hækkuð laun embættismanna með dýrtíðaruppbót, sem mun nema fullri milljón króna, brýr og húsabyggingar, eru ekki sett inn á fjárlögin, heldur er ráðgert að taka enn nýtt lán, svo fjárlögin séu ekki með tekjuhalla. Þetta er ný regla, sem aldrei hefur áður verið brúkuð. Það eru því börnin og barnabörnin okkar sem eiga að borga næstu ára tekjuhalla. Hvar verður það lán tekið og með hvaða kjörum?

Þá dvöldu fyrverandi þingmenn lengi við skatta og tolla Skrafrjúgt varð þeim um tunnu og sildartollinn. Tunnutollurinn hefði verið þjóðarnaudsýn. Með honum hefði komið inn í landssjóð full milljón króna, og drægi sú upphæð mikið úr áhallanum. Sildartollurinn væri sjálfsgæddur 2 kr. þetta árið, en 3 kr. að ári. Sildarútvegurinn væri stundaður sem aukaatvinnugrein, og gróðavegur. Það væri því sist of hár tollur sem sildarútvegurinn bæri, og skilja mátti það á fyrverandi þingmönnum að sjávarútvegurinn ætti að bera gjöldin, og gleðibros lék um andlit þeirra þá þeir voru að útmála þá tolla fyrir landbændunum.

Um tolla á landbúnaðarvöru voru þeir fáorðir, en gátu þess þó, að til málamynda hefði verið settur 60 aura tollur á saltkjötstunnu, það hefði ekki verið hægt að komast undan því, þá 3ja króna tollur væri lagður á sildartunnu.

Ýmsum landbændum mun þykja þessi frammistaða ágæt, og afla þeim kosningar nú 15. nóv. En allt óréttlæti hefnir sín. Ef á að þyngja einum atvinnuveg landsins svo hann bíði stórhnekkir, eða verður að hætta, þá verða gjöldin að færast yfir á hinn atvinnuvegin, því einhverstaðar verða peningarnir að fást.

Þegar litið er á fjárlögin, þá má reikna út, að landbúnaðurinn fær meira í sinn vasa en hann leggur fram. Með sjávarútveginn er öðru máli að gegna; hann ber upp að mestu gjaldabyrði landsins. Þetta getur hver athugull maður reiknað út, sem yfir fer fjárlögin. Það ætti ekki að eiga sér stað neitt kapphlaup, eða atvinnurígur á milli landbúnaðar og sjávarútvegs, og ef annarhvor atvinnuvegurinn er fyrir borð borinn þá er óhamingjan víð. Allur óréttur hefnir sín og þeir sem stuðla að því að hann eigi sér stað, ættu ekki að vera fulltrúar þjóðarinnar.

Mér datt í hug þá eg hlustaði á fyrverandi þingmenn sýslunnar á tveimur fundum, að ef þeir hefðu prédikað þannig fyrir ykkur Siglufirðingum, að »sjálfstæðisviman« hefði stigið ykkur hátt til höfuðs, ef þið væruð ánægðir með slíka fulltrúa.

Björn Lindal og Páll Bergsson hafa verið sem frambjóðendur að halda hér fundi, og láta þeir skoðanir sínar í ljósi hvort sem kjósendum líkar betur eða ver, og er það ekki heppilegt til atkvæðafylgis hjá þeim, sem vilja heyra einhliða skoðanir.

Páll lætur í ljósi, að hann ætli sér — ef hann kemst á þing, að verða fulltrúi fyrir sjávarútgerð, og væri ekki nema réttlátt að einn maður í Nordlendingafjórðungi væri á þingi fyrir sjómannastéttina.

Björn Lindal lætur sköðun sína uppi skýrt og hispurlaust. Hjá honum kemur fram skýr þekking bæði á lands og sjávarútveg, eg vill hvorugan fyrir borð bera.

Honum þótti ekki réttlátt að sildarútvegurinn, sem oft gæti bedið stórtap, bæri þyngstu skattabyrðina.

Réttlátast að þegar gróði yrði, þá borguðu menn ríflega í landssjóðinn, en ekki af þeim afla sem yrði stórtap á. —

Hjá Lindal og Páli voru hreinni línur en hjá fyrverandi þingm. Ekkert kosninga dekur, og eflaust að þeir töluðu af sannfæringu, munu hafa látið uppi sömu sköðum fram í Eyjafjardardölum sem út á andnesjum.

Að tala eins og hver vill. heyrta er sagt að oft afli manni vinsælda, en að það sje kostur á frambjóðendum, að öðruleyti en því að afla sjer atkv. get jeg ekki skilið. Alt óhreinlyndi, alt smjatur eiga kjósendur að forsmá. Það hefur ofmikið ríkt af því í þingsölonum, þó Eyfirðingar fari ekki að saurga þingsalína til frambúðar með þeirri vöru.

Fjárhagurinn er í vöðva, það benti Lindal og Páll réttilega á. Það er vanda mál sem næstu þing þurfa að að bæta úr. Skatta mál landsins þurfa að breytast í hagkvæmara horf. Fjármálamenn þurfa að komast inná þingið, ssm hafa hag allra atvinnuvega fyrir augum, og að skattarnir verði lagðir á með rétt-sýni.

Jeg legg þá spurningu fyrir ykkur Siglufirðinga, sem eg tel útverði kjördæmisins til að velja slíka menn á þing sem að framan greini:

Hverjir eru færari til að fara með umboð ykkar sem þingmenn Eyjafjardarsýslu Björn Lindal, Páll Bergsson, eða fyrverandi þingmenn kjördæmisins? Svarið því 15. nóv. með samviskusemi. Ábyrgðin hvílir á hverjum einstökum kjósenda.

Gætið að því.

Kosningarétturinn er ekkert leikfang. Hagur þjóðarinnar í nánustu framtíð getur haft úrslit á hag eða óhag ykkar.

Einar Sigfússon.

Bannmálið.

—oo—

Í »Verkamanninum« 30. okt. síðastj. birtist grein eftir »Bannmann« sem nefnd er »Lindal og bannmálið.« Greinin byrjar þannig:

»Fram« hefir það eftir Birni Lindal, þingmannsefni auðvaldssinna, »að hann væri eindreginn fylgismaður þess að aðflutningsbannið yrði aftur lagt undir þjóðaratkvæði,« svo hægt væri að sjá hvort þjóðin vildi hafa bannlög áfram »eða hafna þeim í þeirri mynd sem þau nú eru.«

Þótt ritstjóri »Frams« glepsi eins og gráðugur þorskur eftir hverju því er honum virðist stefna að því að lýsa vantrú og misþóknun í bannlögum, vil eg ganga út frá að ummæli blaðsins séu á fullum rökum byggð, og bregða þau þá upp einkar skýrri mynd af fulltrúaeftni auðvaldssinna, bæði sem samviskusömum stjórn-málamanni og umbótamanni á löggjöf landsins.«

Svo veður þessi bannmaður óþverran á annan dálk í hinum skítuga »Verkamanni,« með fúkyrdum til allra þeirra, sem ekki vilja svínbeygja sig undir þrælalögin, en koma hreinskilnislega fram gagnvart þessum vanskapnaði í íslenskri löggjöf. Og tilgangurinn er auðsær. Með greininni á að rýra kosningafylgi hr. Björns Lindals af því hann lýsir því yfir hispurlaust á framboðsfundum, að hann muni, ef hann kemst á þing, vinna þar að því að bannlögini verði nú hið bráðasta borin aftur undir þjóðaratkvæði. En bannmanninum skjáttast hraparlega. Björn Lindal hefur í þessu máli, eins og öðrum landsmálum, komið fram með sínar skóðanir einarðlega og leiðarlega og unnið sér með því traust allra skynberandi kjósenda. Og sýna mun það sig við atkvæðagreiðsluna á morgun, að fleiri eru þeir en bannmanninn hefur grunað, sem þreyttir eru orðnir á öllum þeim hneykslum, sem bannið hefur valdið og veldur daglega, eins og það er. En hneykslunum valda ekki andbanningar, og viðbjóður sá, er almenningur, nú orðið hefur á bannlögum, er ekki til orðinn fyrir athæfi andbanninga, heldur hefur fyrirlitningin og litilsvirðingin á þessum dauðu lagabókstöfum smátt og smátt aukist, og nú á síðustu árum margfaldast, fyrir aðgerðir þeirra mörgu snápa, sem undir flaggi bannmanna hafa viljað slá sig til riddara hjá íslenskri alþýðu með gifuryrdum í ræðu og riti um brot á þessum lögum, og hvernig beri að taka fyrir kverkar lögbrjótunum, og treysta bannlögum, en — aldrei sitja sig úr færi sjálfir, ef mögulegt er, með leyfilegu eða óleyfilegu móti, að ná sér í vin, og reika þá oftsinnis þessir bannpostular meir og minna ölvaðir, á almannaferi.

Þessar kindur yfirdreps og óheilinda, hafa drepið alla virðingu fólks fyrir bannlögum vörum.

En svona menn finnast um land allt, og eru víða í stórhópum.

Fundur

í »Ungmennafélaginu« á morgun
kl. 7

í húsi Guðl. Sigurðssonar,
Kosinn varaformaður.

Stjórnin.

Heiðarlega bindindismenn undan-
skil eg þessum áburði, enda marg-
ir þeirra sem nú hafa tekið hönd-
um saman við andbanninga ógreyna
nú að hugsa leiðir til þess að koma
oss úr þeim ógöngum, sem bannað
hefur leitt oss í, án þess þó að veita
vínstraum ótakmörkuðum inni landið.

Allir hugsandi menn horfa með
hryllingi til komandi ára haldist upp-
tekinn háttur, þar sem hræsni og
spilling mæta manni við hvert fót-
mál.

Björn Lindal er eindreginn and-
banningur og Páll Bergsson einnig,
þeir vilja báðir leggja allt sitt fram
til þess, að þessum ófögnuði létti
af þjóðinni. Og er það ennþá ein
ástæðan til þess að mikill meiri
hluti kjósenda, kys þá á morgun.
Sophus A. Blöndal.

Erl. símfregnir.

—oo—

London 10. nóv. Þjóðverjar ráð-
ast á Libau.

L. George leggur til að friðar-
ráðstefna verði haldin milli Rússa
og Stórveldanna.

Lenin hótar að gera samband við
Þjóðverja ef friðarboðum sínum verði
hafnað.

Uppvíst hefir orðið um Bolsje-
vikkasamsæri í Bandaríkjunum.

Vínarborg 11. nóv. Bandamenn
hafa lánað Austurríki 500 miljónir
fránka.

Frá Búda-Pest fréttist að Kowno
og Lithauen vilji semja frið við
Póiverja.

Lloyd George sætir árásum af
hendi Northcliffebláðanna fyrir uppá-
stungu sína um friðarráðstefnu.

Lítill athugasemd.

—oo—

Í síðasta blaði af »Fram« er smá-
grein eftir ritstjóra blaðsins, sem
ræðir um í hönd farandi alþingis-
kosningar. Segir gitsj. að hr. Stefán
Stefánsson sé, við þessar kosning-
ar, studdur af »Tíma-flokknum,« en
með þeim flokki geti Siglfirðingar
ekki átt samleið, og segir að oss
beri »hreint og beint skylda til að
kjósa nú þá Björn Lindal og Pál
Bergsson.«

Það má vel vera að St. St. sé að
einhverju leyti studdur af »Tíma-
flokknum« svokallaða, en hitt er
víst, og því virðist ritstj. gleyma,
að hann er studdur til næstu þing-
kosninga af fjölda mörgum and-
stæðingum »Tíma-flokksins« hér í
Sigluf. og því til sönnunar skal eg
geta þess, að ekki færri en 12 kaup-
menn og verslunarstjórar í Sigluf-
einum hafa skrifað sig sem með-
mælendur Stefáns til næstu kosn-
inga og þess utan ýmsir útgerðar-

menn og margir fleiri. — Þeir hafa
fyrst og fremst haft það í huga, að
St. St. hefir reynst okkur Sigl-
firðingum svo vel á þingi, að það
hefði tæplega nokkur getað gert
betur, og að honum getum við allt
af treyst, sem duglegum og sam-
viskusömum manni. — Það væri
næsta undarlegt, ef okkur ætti svo
að »bera skylda til« að skifta á
honum og mönnum, sem enginn
getur bent á nokkrar líkur fyrir að
muni reynast betri þingmenn, hvað
þá heldur að sagt verði um það
með vissu. —

Og einkennilegt er það af stuðn-
ingsmönnum hr. Björns Lindals að
finna gömlu þingm. okkar: St. St.
og E. Árnasyni það til foráttu, að
þeir séu samvinnumenn og bændur.
Á kjósendafundinum hérna í haust,
taldi B. Lindal samvinnustefnuna
»lyftistöng þjóðfélagsins,« og vel
er það kunnugt að hann er einn-
mitt bóndi með lífi og sál og er
langt frá að eg telji honum það til
lasts. —

Pormóður Eyólfsson.

(ATHS. Við þessa »Litlu athugasemd«
herra Pormóðs Eyólfssonar vil eg
gjöra þá athugasemd, að — eins og hon-
um er vel kunnugt, var ærið tímanlega
verið á ferðinni í meðmælendaleit fyrir
hr. Stefán í Fagraskógi, svo snemma að
ekki vissu meun að jafn ágætir menn
sem þeir B. Lindal og Páll B. mundu
báðir verða í kjöri þessar kosningar.
Og heyrte hefði eg, að fleiri en einn
og fleiri en tveir af meðmælendum St.
finnst nú að þeir hafi verið helst til
fljótráðir er þeir forskrifðu sig þar, og
vildu nú gjarnan vera lausir við þá undir
skrift. P. Eyólfsson slítur orð Lindals hér
á kjósendafundinum, um samvinnustefnu-
una, út úr réttu sambandi. Lindal sagði,
að samvinnustefnan hefði um skeið verið
lyftistöng þjóðfélagsins að nokkru leiti,
á meðan sú stefna ekki fór út í öfgar, nú
væri stefnan á mörgum sviðum komin
út í öfgar, og þyrfti því aðhald. Breytir
því ekki þessi athugasemd P. E. því álitu
að oss beri öllum skylda til að greiða
þeim Birni og Páli atkvæði vort á
morgun.

S. A. Blöndal.)

Heimskuleg framkoma.

—oo—

Akureyrarblaði »Verkamaðurinn«
flutti nýlega greinarkorn, sem kall-
ast »Ódrengileg framkoma« og ein-
hver »Steinn« hefir skrifað undir.
Oss Siglfirðingum ýmsum er þar
borinn á brýn ódrengskapur við
fyrverandi þingmenn kjördæmisins
með því að »launa« þeim »eindæma
lipurð og ötulleik, við að koma fram
sjálfstæðis-málum Siglfirðinga« á
þann hátt að svíkja þá um fylgi
vort nú, og snúast í lið með Birni
Lindal og Páli Bergssyni.

Þótt jeg ekki viti, hvort mig beri
að telja með »stórbroddum« Siglu-
fjarðar, sem aðallega er sveigt að
í greininni, þá er hitt víst, að jeg hef
opinberlega, ásamt öðrum góðum
mönnum, gjörst stuðningsmaður
þeirra Lindals og Páls við þessar
alþingiskosningar.

Þótt jeg hafi þegar í síðasta tbl.
»Fram«, í brjefi mínu til Stefáns í
Fagraskógi, þóttst gera fullkom-
lega grein fyrir afstöðu minni til
frambjóðenda í Eyjafjarðarsýslu og

rjettlæta framkomu mína, þá virðist
þó þurfa að árjetta enn frekar, ekki
vegna þessarar vitlausu greinar í
»Verkamaðnum«, heldur vegna
ýmislegs, sem sagt er, að notað sje
í kosningaundirróðri hjer í bænum,
og fer í mjög líka átt. Um Verka-
mannsgreinina er í sjálfu sjer lítið
að segja. Höf. hlýtur að vera mik-
ið torgreindur maður, og ritstjórnin
sem birtir þetta ekki síður. Enda
mun herra Halldór Friðjónsson hafa
átt sjer þann hæstan tilverurjett að
vera bróðir Guðmundar á Sandi.
Þessi bróðurrjettur hefir alla tíma
tylt undir hann, og víst Erling bróð-
ir hans einnig.

Greinarhöfundur talar um lipurð
og ötulleik þingmannanna að koma
fram málum Siglfirðinga. Jeg gef
honum rjett, að því er snertir sjálf-
sjórnarmál vort, en hins má minnast,
að þeir háttvirtu þingmenn kiknuðu
undan tveimur öðrum þýðingarmikl-
um málum kaupstadarins nfl. hafn-
arbryggjumálinu og Hvanneyrar-
kaupunum.

En svo að vikið sje að heimsk-
unni, er ritstjóri »Verkamaðnsins«
knjesetur með umgetinni grein, þá
má það kallast hjal heimsks barns
að halda því fram, að kjósendur í
einhverju kjördæmi sjeu skuldbundn-
ir til þess að endurkjósa þingmann,
sem hafði orðið þeim vel í vissu
máli, þegar algerð stefnubreyting
var orðin í málum þjóðarinnar og
vitanlegt var um þann hinn sama
þingmann, nfl. herra St. St. að hann
gat nú ekki lengur — aðstöðu sinn-
ar vegna og loforða sinna við Tíma-
klikuna — haldið áfram að fylgja
fram stefnu Siglfirðinga í alþjóðarmál-
um. Bara rjett í persónulegu þakk-
lætisskyni!

Það er mikið skrítið hvað öll
Tímaklíkublöð eru samtaka í að
varpa lofi á St. St. og er ekki trútt,
að manni detti í hug, að nú sje ver-
ið að leggja læðinginn að Stefáni
á eftir hrossakaupunum, þegar hann
fjekk meiri hluta þingsins í sjálf-
stjórnarmáli voru gegn — afsali
sinnar sálar til Tímans. Og vjer
eigum nú. af einberri þakklátssemi
að halda áfram að kjósa hr. St. St.
þótt öllum aðalmálum viki nú ann-
an veg við en fyr, og hann kominn
í flokk okkar andvígismanna!

Má jeg spyrja þá menn sem að
Stefáni standa: eru kjósendurnir til
vegna þingmannsins eða er þitg-
maðurinn til vegna sinna kjósenda?

Jeg hverf ekki frá því að nú verð-
ur að kjósa þá menn á þing fa
vorri hendi, sem af alhug vilja styðja
oss í skattalöggjöf og tollmálum og
vilja tryggja persónufrelsi í landinu
en ekki draga taum Tímaklíkunnar
eður annars ofstækis. Það er rjett
sama þótt þeir menn, sem þykjast
sjálfsgóðir leiðtogar verkalýðsins
hjer — og hvílkir leiðtogar! (guð
hjálp fólkinu) hafi í glópsku sinni
ekki skilið sitt hlutskifti og hafi í
sinni dæmalausu andans fátækt og
rakapurð starað heimskum augum
á þakklátssemina og strandað þar.

Allir Siglfirðingar hljóta nú að
eiga samleið til kosninganna hverrar
stjettar sem þeir eru, þó auðvitað

sje ekki að vita hve langt fram í
tímann sú samleið geti legið, en
nú eiga þær stjettir sem þennan
bæ byggja ekki samleið við óðals-
bændurna, sem hafa hnept sig sam-
an og hafa »Tímann« að sínu mál-
gagni. — Jeg get ekki um dindla
»Tímans« sem dingla á Akureyri.

Guðm. T. Hallgrímsson.

Um hvað á að kjósa.

—oo—

Þessa spurningu verður hver ein-
asti kjósendi að gjöra sér ljósa —
gjörhuga hana áður en hann geng-
ur til atkvæðis á morgun.

Það er fáfengilegt og heimsku-
legt af okkur að ætla að kjósa Stef-
án í Fagraskógi á þing í tómu
þakklætisskyni. Hver sá kjósendi
hér í Siglufirði er honum gefur at-
kvæði sitt, hann er að gjöra upp-
reist gegn sjálfs síns hagsmunum.
Kjósendur hljóta að vita það, að
Stefán er Tímaklíku-sinni. Kjósend-
ur hér vita, eða ættu að vita, að
sú klíka vinnur á móti þeirra hags-
munum, og þeir mega ekki vera
ginningsáflí þeirra manna, er telja
þeim trú um hið gagnstæða.

Kjósendur vita hvað samvinna er.
Hún er góð ef unnið er að því
hugtaki hreinu og ómengudu. En
»samvinna« Tímaklíkunnar er ill og
ódrengileg. Það er samvinna í gæsa-
löppum. Hennar hugsjón og tak-
mark er að drepa niður frjálsa versl-
un og samkeppni á öllum sviðum.
Hennar takmark er að láta land-
bóndann og kaupfélögin verða skatt-
íri, en hruga öllum sköttum og á-
lögum á útgerðarmenn og þá, er í
kaupstöðum búa. Er nokkur dreng-
lund í þessari stefnu? Er hún rétt-
lát, eða á nokkra lund heiðarleg?

Og svo á að hafa Alþingi Íslend-
inga, þann helga stað, að þeim leik-
velli, þar sem á að misþyrma einni
stéttinni annari til hagsmuna! Er
nokkurt vit í því fyrir kjósendur í
kaupstöðum að kjósa mann á þing
sem fylgir stefnu þessari? Svo langt
má þakklætið ekki ganga. Er ómögu-
legt fyrir kjósendur Siglufjarðar að
auðsýna Stefáni þökk sína á annan
hátt? Jú, sannarlega! Hans og okk-
ar áhugamál eiga enga samleið. Það
á ekki við að við séum að fórna
okkur fyrir hann; hann þarf þess
ekki. Látum þá kjósa hann sem
einhverja ofurlitla samleið eiga með
honum um áhugamál sín. Látum
engan mann hræra í okkur hvað
þetta snertir! Munum það, að nú
erum við að berjast fram til sigurs
fyrir efnahagslegri og stjórnfars-
legri velferð okkar og niðja okkar.

Þetta er of alvarlegt mál til þess
að við umhugsunarlaust klessum
stimplinum á kjörseðilinn. Nú
stöndum við á alvarlegum tímamót-
um þar sem framtíð okkar er kom-
in undir sjálfum okkur — komin
undir því við hvaða nafn við merk-
jum á kjörseðlinum. Þessa skulum
við neyta á morgun og sýna það
í verkinu!

Tímaklíkan má ekki sigra!

Sig. Björgólfsson.